

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Baldur Ingi Jónasson
Dags. 14. janúar 2021
Mnr. 2021010008



ÍSAFJARÐARBÆR

Undanþágur verkfallsheimilda

Árlega þurfa sveitarfélög, að höfðu samráði við viðkomandi stéttarfélög, að endurnýja lista yfir þá starfsmenn sem ekki hafa verkfallsheimild með tilvísun til laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Stéttarfélögum var sent erindi þann 5. janúar 2021 vegna þessa.

Verkalýðsfélag Vestfirðinga kallaði eftir frekari rökstuðningi í ljósi þess að óskað var eftir undanþágu fyrir öll stöðugildi í sólarhringsþjónustu auk annarra starfa sem ekki teldust til lífsnauðsynlegrar þjónustu. Félagið óskaði frekari upplýsinga um fjölda stöðugilda, og hvort um væri að ræða algjöra lágmarksmönnun skv. skilgreiningu Ísafjarðarbæjar til að geta uppfyllt öryggiskröfur í daglegri starfsemi hjá tilgreindum starfsdeildum. Svör við þessari beiðni voru send og í kjölfarið fékkst samþykki.

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna taldi að varðstjórar fengju alla jafna ekki undanþágu, en við nánari skoðun var sú beiðni samþykkt.

Önnur stéttarfélög gerðu ekki athugasemdir og samþykktu undanþágubeiðnir.

Hér fyrir neðan eru drög að auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda varðandi þetta mál. Óskað er eftir staðfestingu bæjarráðs á auglýsingunni.

AUGLÝSING

um skrár (lista) Ísafjarðarbæjar skv. 5.-8. mgr. 19.gr. laga nr. 94/1986

um kjarasamning opinberra starfsmanna.

Lagt fyrir bæjarráð 18. janúar 2021 til samþykktar að viðhöfðu samráði við öll hlutaðeigandi stéttarfélög starfsmanna.

I. Listi yfir þau störf sem falla undir 6.-8. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Bæjarstjóri	1 staða
Bæjarritari/sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs	1 staða
Sviðsstjóri velferðarsviðs	1 staða
Sviðsstjóri skóla- og tólmstundasviðs	1 staða
Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs	1 staða
Fjármálastjóri	1 staða
Öldrunarfulltrúi	1 staða

Deildarstjóri launadeildar	1 staða
Launafulltrúi	1,50 staða
Forstöðumaður íþróttamannvirkja á Flateyri, Ísafirði og Suðureyri	1 staða
Forstöðumaður íþróttamannvirkja á Þingeyri	1 staða
Forstöðumaður skíðasvæða	1 staða
Forstöðumaður þjónustumiðstöðvar	1 staða
Forstöðumaður Hvestu, hæfingarstöðvar	1 staða
Skólastjórar grunnskóla	4 stöður
Aðstoðarskólastjóri	1 staða
Leikskólastjórar	2 stöður
Aðstoðarleikskólastjóri	1 staða
Hafnarstjóri	1 staða
Slökkviliðsstjóri	1 staða
Aðstoðarslökkviliðsstjóri	1 staða
Umsjónarmaður fasteigna Ísafjarðar	1 staða

II. Listi yfir þau störf sem falla undir 5. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Varðstjóri slökkviliðs	2 stöður
Forstöðumaður sólarhringsþjónustu að Sindragötu og Fjarðarstræti	1 staða
Forstöðumaður sólarhringsþjónustu að Pollgötu 4 og skammtí mavistunar	1 staða
Forstöðumaður stuðnings- og stoðþjónustu	1 staða
Starfsmaður á dagdeild aldraðra Ísafirði	2,5 stöður
Starfsmenn stuðningsþjónustu	2 stöður
Starfsmenn Hvestu, hæfingarstöðvar	Öll stöðugildi. Miðað er við lágmarksmönnun.
Starfsmenn sólarhringsþjónustu Pollgötu, Fjarðarstræti og Sindragötu	Öll stöðugildi. Miðað er við lágmarksmönnun á hverju heimili.